



Akraneskaupstaður

**1423. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 25. nóvember 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2511029 - Samræmd móttaka flóttafólks- Samningur 2026

Bæjarráð samþykkti viðauka við þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks vegna ársins 2026 og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

2. 2403242 - Sundabraut og Akranes - Umsögn um umhverfismatskýrslu

Beðið var um umsögn Akraneskaupstaðar um umhverfismatskýrslu Sundabrautar, skipulagsfulltrúa var falið að vinna umsögn. Umsögn skipulagsfulltrúa lögð fram. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða umsögn vegna umhverfismatskýrslu Sundabrautar.

3. 2507080 - Elínarvegur 13a - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn barst um breytingu á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæðis. Sótt er um að færa byggingarreit Elínarvegs 13A um 2 m nær lóðarmörkum. Einnig er óskað eftir heimild til að leyfa íbúðarhúsnæði á suðurhluta lóðarinnar. Erindið var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir Elínarveg 13 og 15B og Akurprýði 5 og 7. Athugasemd barst frá Heilbrigðiseftirlitinu. Tekið hefur verið mið af athugasemdum heilbrigðiseftirlitsins og hefur uppdrátturinn verið uppfærður í samræmi við það. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt og auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

4. 2511084 - Breyting á deiliskipulagi Akurshóls

Breyting á deiliskipulagi Akurshóls í samræmi við aðalskipulag Akraness 2021-2033. Við endurskoðun aðalskipulags var fallið frá fyrri áformum um ferðapjónustu með gistiskálum á svæðinu, sem hefur nú verið skilgreint sem opið svæði (OP-110). Engin sérákvæði voru sett um svæðið. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði tekin sem óveruleg, með vísan til 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðir til kynningar

5. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð

3609. fundargerð bæjarráðs frá 13. nóvember 2025.
3607. fundargerð bæjarráðs frá 20. nóvember 2025.

6. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfisráð

337. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 17. nóvember 2025.

7. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð

273. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. nóvember 2025.

8. 2501003 - Fundargerðir 2025 - velferðar- og mannréttindaráð

255. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. nóvember 2025.

9. 2501023 - Fundargerðir 2025 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

165. fundargerð stjórnar Höfða frá 17. nóvember 2025.
Fundargerð undirbúningsnefndar um stækkun Höfða.

10. 2501025 - Fundargerðir 2025 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands og fylgiskjöl

199. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 17. nóvember 2025.
Árskýrsla Heilbrigðiseftirlitsins.
Fjárhagsáætlun 2026 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

11. 2501024 - Fundargerðir 2025 - Faxaflóahafnir

259. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. frá 22. ágúst 2025.
260. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. frá 26. september 2025.
261. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. frá 6. október 2025.
262. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. frá 7. nóvember 2025.

12. 2501028 - Fundargerðir 2025 - Orkuveita Reykjavíkur

366. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 30. júní 2025.
367. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. ágúst 2025.

13. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

988. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 31. október 2025.

21.11.2025

Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri.